



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Friðjón Einarsson
Heiðarbrún 9
230 Keflavík

Reykjavík 23. nóvember 2020

Tilv.: MMR20060233/9.41

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 29. september var lagt fram minnisblað fimm ráðherra vegna óskar Keilis um fjárhagslega aðkomu ríkissjóðs að rekstri Keilis sem verið hefur í rekstrarvanda undanfarin misseri.

Ríkisstjórnin samþykkti að efla menntun á Suðurnesjum með því að setja á laggirnar menntanet í samvinnu við menntastofnanir á svæðinu og leggja menntanetinu til fjármagn.

Áformað er einnig að veita aðstoð með því að ríkissjóður leggi 190 millj. kr. sem hlutafé í Keili og taki við sem meirihluta eigandi félagsins gegn því að sveitarfélögin á Suðurnesjum leggi einnig til viðbótar hlutafé.

Ríkissjóður greiði einnig árlagt framlag að upphæð 80 millj. kr. á ári næstu þrjú árin til Keilir Aviation Academy að uppfylltum tilteknum skilyrðum til stuðnings flugnáms í landinu.

Ráðuneytið mun fara með málið í framhaldi afgreiðslu ríkisstjórnarinnar og hefur falið Jóni B. Stefánssyni verkefnastjórn þess.

Til að mæta þessum skilyrðum óskar ráðuneytið eftir staðfestingu sveitarfélaganna á Suðurnesjum um að þau sameiginlega séu reiðubúin að leggja til 180 millj. kr. viðbótarhlutafé.

Þess er farið á leit við þig að þú annist milligöngu um málefni þetta við sveitarfélögin.

Fyrir hönd ráðherra


Páll Magnússon


Jóhann Þorvarðarson